

3. Stjórnarfundur FORMA 2011 – 2012

Dags: 1. desember 2011, kl. 16:30

Staður: Gamli skóli, meistarastofa.

Mætt: Helgi Þ. Svavarsson, Herdís Zóphóníasdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Ómar Pétursson, Sigrún Birna Sigtryggisdóttir, Vilhjálmur G. Kristjánsson

- 1. Fundarsetning:** Helgi Þ. Svavarsson setti fundinn og stjórnaði honum.
- 2. Fundargerðir:** Formlegri afgreiðslu eldri fundargerða frestað vegna fjarveru Drífu fundarritara.
- 3. Skálaferðir, innheimta:**
Enn vantar nokkuð upp á innheimtu vegna skálaferðanna, þar sem innheimta fórst fyrir í tveimur bekkjardeildum. Helgi og Vilhjálmur eru að vinna að þessu máli.

4. Sundkort fyrir framhaldsskólanemendur á Akureyri

Bréf Foreldrafélaga MA og VMA varðandi sundkort fyrir framhaldsskólanemendur á Akureyri hefur verið sent til íþróttaráðs Akureyrarbæjar, en hefur ekki verið tekið fyrir á fundi ráðsins enn.

5. Fundur FORMA og HUGINS

Helgi og Sigrún Birna fóru á fund stjórnar Hugins fimmtudaginn 17. nóvember.

Þar var þó nokkuð rætt um samskipti fjórðu- og fyrstubekkinga og voru fulltrúar beggja félaga á því að nokkuð vel hefði til tekist á þessu hausti. Hvöttu fulltrúar foreldra, nemendur til þess að halda áfram á sömu braut og að þessi samskipti yrðu án vímuefna eins og annað skemmtanahald sem tengist MA.

Ratatoskur: Nemendur höfðu áhuga á að athuga hvort foreldrafélagið/fulltrúar foreldra gætu komið að námskeiðahaldi á opnum dögum sem haldnir eru í byrjun mars.

Ákveðið að setja saman bréf sem sent verði foreldrum í tölvupósti þar sem þessi mál verði viðruð og foreldrar sem tók hafi á að bjóða upp á námsskeið af einhverju tagi beðnir um að hafa samband við stjórnina.

6. Önnur mál

- Vilhjálmur sagði frá því að hann hefði nú setið tvo fundi skólanefndar, hann hefur kynnt hugmynd um sundkort fyrir nefndinni.
- Sigrún sagði frá því að Pétur Halldórsson hefur tekið sæti sem annar fulltrúi foreldra í umhverfisnefnd.
- Forvarnardagur: Rætt um hugmyndir að þema fyrir forvarnardag næsta vors. Helgi lagði til að þemað yrði „öfgar og fordómar í samfélaginu“ og leist fundarmönnum ágætlega á þá hugmynd.

7. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 26. janúar kl. 16:30 í Meistarastofu.

Fundi slitið 17:40

Sigrún Birna Sigtryggisdóttir
fundarritari.